

## Námskeið: Þjálfun í raunfærnimati

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun halda námskeið 23. til 24. september vegna raunfærnimats ef næg þátttaka fæst. Námskeiðið er 15 kennslustundir og er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Tímasetningar og staður:

Dagar	Tími dags	Staðsetning	Síðasti skráningardagur
23. september	10.00 til 16.00	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins Skeifan 8	21. september
24. september	09.00 til 16.00		

### Fyrir hverja er námskeiðið

Námskeið er ætlað tilvonandi matsaðilum, ráðgjöfum og verkefnisstjórum í raunfærnimati á vegum framhaldsskólanna og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum fullorðinna um land allt.

### Námskeiðslýsing.

Tilgangur námskeiðsins er að kynna fyrir þátttakendum hugtakið raunfærnimat og þjálfna þá í því að vinna við raunfærnimat samkvæmt því ferli sem þróað hefur verið hér á landi. Námskeiðið er liður í því að formfesta raunfærnimatsferlið, stuðla að gæðum og mæta síauknum þörfum og eftirspurn eftir raunfærnimati í samræmi við kostnaðarþátttöku ríkisins.

### Leiðir á námskeiðinu

Á námskeiðinu verður farið yfir þróun raunfærnimats í Evrópu sem og héraendis og fyrirbærið skilgreint. Farið verður yfir það raunfærnimatsferli sem þróað hefur verið hér á landi og unnið með hugkort og greiningardæmi til glöggvunar á framkvæmd þess.

Lögð er áhersla á almenna virkni þátttakenda í gegnum umræður og æfingar í hópum þar sem þátttakendur fá tækifæri til að byggja upp færni í að meta raunfærni á uppbyggilegan og réttmætan hátt og finna lausnir á álitamálum.

Þátttakendur fá tækifæri til að ræða saman um reynslusögur einstaklinga sem hafa farið í gegnum raunfærnimat og ígrunda eigið viðhorf gagnvart raunfærnimati. Stuðst verður við Leiðarvísi um mat á raunfærni, bæklinginn Raunfærni-Raunfærnimat (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins) ásamt ítarefni sem byggir á reynslu og skýrslum frá ýmsum Evrópulöndum og Evrópusambandinu.

Námskeiðið er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og er þátttakendum að kostnaðarlausu.

### Skráning og nánari upplýsingar:

Haukur Harðarson

[haukur@frae.is](mailto:haukur@frae.is)

599-1400

## **Þjálfun matsaðila í raunfærnimati**

**23.-24. september 2009**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: Skeifunni 8, 2.hæð – stofa 8

### **Dagskrá**

#### **Miðvikudagur 23. september**

Kl. 09:30 - 10:45	Forsaga og skilgreining á hugtaki
Kl. 10.45 – 11.00	Kaffihlé
Kl. 11:00 - 12:00	Raunfærnimatsferlið - Grunnur og undirbúningur
Kl. 12:00 - 13:00	Hádegishlé
Kl. 13:00 - 14:30	Raunfærnimatsferlið - Framkvæmd og aðferðafræði
Kl. 14:30 - 14:45	Kaffihlé
Kl. 14:45 - 16:00	Hlutverk og færni fagaðila

#### **Fimmtudagur 24. september**

Kl. 09:30 - 10:00	BUB – kynning á verkefnum
Kl. 10:00 - 10:15	Kaffihlé
Kl. 10.15 – 10.40	Sýn þátttakanda
Kl. 10:40 - 12:00	Hlutverk og færni náms- og starfsráðgjafa
Kl. 12:00 - 13:00	Hádegishlé
Kl. 13:00 - 14:00	Hlutverk og færni verkefnisstjóra
Kl. 14:00 - 15:00	Verkefnavinna og umræður
Kl. 15:00 - 15:15	Kaffihlé
Kl. 15:15 - 16:00	Gæðamál og mat á námskeiði

Leiðbeinendur:

- Heimir J. Guðjónsson, Fagaðili, Fjölbrotarskólinn í Breiðholti
- Haukur Harðarson, Verkefnisstjóri Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Iðunn Kjartansdóttir, Náms- og starfsráðgjafi, IÐAN-fræðslusetur
- Svanur Þór Brandsson, Trésmiður - Þátttakandi í BUB - húsasmíði